

### 3. – 4. VERÐLAUN

Tillaga með auðkenni 44679

Byggingin er þrískipt: kirkja, safnaðarheimili og skrifstofur til suðurs; bókasafn til vesturs og myndlistar- og tónleikasali til norðurs. Byggingin rís upp frá Urðunum með aflíðandi halla til suðurs, þar sem kambur á kirkjuskipinu sker sig úr þakfletinum. Krans úr ljósum málm hringar sig um hina þrjá meginhluta byggingarinnar og er ætlað að mynda sameiningartákn menningarhúss og kirkju. Suðurhluti byggingarinnar er á tveimur hæðum.

Aðkoma er annarsvegjar um stallað útisvæði til suðurs, en hinsvegjar um inngang frá miðbæjartorgi í austri. Útisvæðið til suðurs er frekar mjótt og gleitt og nær því e.t.v. ekki markmiðum höfundar um skjólgott setsvæði. Bílastæðum er vel fyrir komið á lóðinni, en hæðarmunur þeirra og aðalinngangs í kirkju er ekki nægjanlega vel leystur.

Innri gönguleið með glerþaki tengir vel saman húshlutana þrjá, en jöfn lögun hennar minnir frekar á breiðan gang en götu með torgsvæði. Ef frá er skilið bókasafnið er yfirsýn gesta af torgi frekar takmörkuð. Safnaðarsalur tengist kirkjuskipi, en aðrir samnýtingarmöguleikar eru takmarkaðir.

Kirkjuskipið er réttthyrnt með þverhallandi þaki, sem rís til suðurs. Hugmyndir höfundar um samspil ljósgarða og ofanbirtu gefa fyrirheit um áhugavert rými, sem þó virðast ekki skila sér til fulls í tillögunni. Gönguleið úr forkirkju að innri götu er löng og þröng og vinnuástaða kirkjunnar, einkum neðri hluti hennar, er frekar boruleg.

Bókasafninu er vel fyrir komið í vesturhluta byggingarinnar og myndar skemmtilega tengingu við Urðirnar.

Myndlistarsalur býr yfir ákjósanlegum sveigjanleika, en gluggafletir á útveggjum eru í stærra lagi.

Tónlistarsalur er í góðum tengslum við innri götu, en inngangur sviðsmegin gætu truflað starfsemi í salnum.

Málmklædd umgjörð byggingarinnar setur mikinn svip á hana.

Áfangaskipting er auðveld.




Tillagan er fallega unnin og vel fram sett.

**Höfundar:**

- Arkþing ehf:
- Þórður Þorvaldsson arkitekt FAÍ
- Guðrún Ingvarsdóttir arkitekt FAÍ
- Helgi Mar Hallgrímsson arkitekt FAÍ

**Landslag:**

Landhönnun Slf: Hermann Ólafsson landslagsarkitekt FÍLA



Grunnmynd 1. hæðar



sneiðing a-a

### 3. – 4. VERÐLAUN

#### Tillaga með auðkenni 12039

Tillagan gerir ráð fyrir hringlaga byggingu á tveimur hæðum (auk kjallara), sem myndar einskonar virkisvegg utanum hina margþætta starfsemi, sem henni er ætlað að hýsa. Hið hringlaga form skapar ákveðið jafnvægi milli húss og umhverfis en kirkjuskipið, sem teygir sig upp úr nyrsta hluta þakflatarins, gefur byggingunni sterkan svip. Einstökum starfseiningum er raðað þétt og línulega saman, og tengjast þær flestar innri götu og sem liggur austur-vestur eftir byggingunni miðri.

Aðkoma að innri götu er um torg í vestri en einnig er aðgengi úr austri. Inngangur í kirkju er hinsvegar nyrst á svæðinu og er nokkuð langur aðdragandi að honum frá bílastæðum við Háholt. Dreifing bílastæða á lóðinni er óheppileg m.t.t. aðkomu.

Innra fyrirkomulag byggingarinnar er í flestum atriðum ágætlega leyst; hrein og skýr rýmismyndun einkennir tillöguna. Samnýting einstakra rýma gengur vel upp og innbyrðis tengingar eru yfirleitt góðar.

Kirkjuskipið brýtur sig ekki út úr grunnformi byggingarinnar; það myndar á hinn bóginn einfalt en áhrifamikið rými, þar sem þakflöturinn ýmist rís eða hnígur. Hallandi altarisveggur með innfelldum kirkjuklukkum og hliðarbirtu er smekklegt stílbragð, þar sem engu er ofaukið.

Bókasafnið er á tveimur hæðum, þar sem vinnuástaða er skilin frá meginhluta safnsins. Slíkt fyrirkomulag er óheppilegt, þótt rýmið sé í sjálfu sér vel útfært. Veitingaaðstaða tengist bókasafninu, innri götu og torgsvæði ágætlega.

Tónlistarsalur og myndlistarsalur tengjast saman á mjög áhugaverðan hátt; ofanbirta á mörkum salanna tveggja gefur rýminu aukið gildi.

Innri gatan nær að flétta saman öll meginrými byggingarinnar, en er full einlit til að vera áhugaverð. Aðgengi úr bílageymslu er ágætt.

Efnisval hæfir einföldu en sterku útliti byggingarinnar.

Áfangaskipting er mjög einföld og býður upp á fleiri en eina leið í útfærslu.


Tillagan er ágætlega fram sett.

**Höfundar:**

PK Arkitektar:  
Pálmar Kristmundsson arkitekt  
Fernando de Mendonca arkitekt

**Aðstoðarmenn:**

Helge Garke arkitekt (þrívíddarmyndir)  
Kristjana Margrét Sigurðardóttir arkitekt



12039

12039

12039

## Viðurkenning: Athyglisverð tillaga

Tillaga með auðkenni 38611

Megininntak tillögunnar er virðing við nálæga náttúru; Urðirnar og útvistarsvæði með göngu og hjólastígum. Aðeins kirkjuskípið rís upp úr manngerðu landslagi á þaki kirkjunnar, sem hylur aðra hluta byggingarinnar.

Hugmyndin um innri götu er tengi saman starfsemina er undirliggjandi þema í tillögunni; gatan liggur á jaðri byggingarinnar, en virkar á stundum sem óþarflega breiður gangur frekar en gata/torg.

Forkirkja er langur gangur, sem síðan breytist í annan langan gang umhverfis kirkjuna. Lögun kirkjurýmisins er frekar flöt.

Bókasafnið er á tveimur hæðum, sem er óheppilegt, þó rýmismyndun innan þess í tengslum við rampa/innri götu sé á margan hátt skemmtilega leyst. Hugmyndin um innri vegg meðfram götunni er allrar athygli verð.

Styrkur tillögunnar felst í sterkri hugmynd um vistvæna byggingu og frjórri útfærslu byggingarefna, t.d. í útvegg kirkjuskípsins.

Áfangaskipting er ekki heppileg. Tillagan er vel fram sett.

### Höfundar:

Agnieszka Nowak arkitekt

Anna Leoniak arkitekt

Hildur Gunnarsdóttir arkitekt FAÍ.

